

Ályktun

Við undirritaðir starfsmenn Fjölskylduþjónustunnar lýsum yfir þungum áhyggjum af væntanlegum breytingum á ný samþykktu stjórnskipulagi Hafnarfjarðarbæjar.

Undanfarin fimm ár hefur Fjölskylduþjónustan gengið í gegnum miklar skipulagsbreytingar sem Capacent Gallup var fengið til að undirbúa og vinna með starfsmönnum. Á sama tíma hefur þörf fyrir þjónustu margfaldast, þar á meðal aukning á fjárhagsaðstoð og fjölgun barnaverndartilkynninga, ásamt því sem málefni fatlaðra fluttust frá ríki til sveitarfélaga. Starfsmenn Fjölskylduþjónustunnar hafa sem ein heild lagt mikla vinnu í að bæta þjónustuna og gera hana skilvirkari og hagkvæmari fyrir bæjarbúa. Þetta ferli var faglega gefandi en sömuleiðis reyndi það á starfsmenn enda verkefnið viðamikl.

Haustið 2014 vorum við starfsmenn farnir að sjá þess merki að það skipulag sem við vorum búin að þróa með þverfaglegri vinnu, væri farið að skila árangri og betri þjónustu til bæjarbúa. Þetta sést t.d. í tölum um lækkun á fjárhagsaðstoð og aukinni skilvirkni í barnaverndarmálum.

Í ljósi þessa er boðaðri skipulagsbreytingu mótmælt harðlega. Hjá Fjölskylduþjónustunni hefur fjórum starfsmönnum verið vikið úr starfi og þrjú starfsmenn hafa verið færðir undir önnur svið. Tveir starfsmenn eru í fæðingarorlofi og ekki hefur fengist leyfi til að ráða í afleysingar fyrir þá. Álag hefur verið mikið á starfsmönnum Fjölskylduþjónustunnar um langt skeið og erfitt er að sjá hvernig starfsemin á að geta gengið við þessar boðuðu breytingar. Sálfræðingi og lögfræðingi Fjölskylduþjónustunnar hefur verið gert að starfa á öðrum sviðum innan stjórnsýslu Hafnarfjarðar en starf þeirra í þverfaglegri vinnu hefur verið mjög mikilvægt fyrir alla þjónustuna og vandséð hvernig fylla á í þau skörð. Viðskiptafræðingi sem unnið hefur m.a. með tölfræðilega greiningu, skýrslugerðir til Hagstofu, Barnaverndarstofu og ársskýrslu ásamt því að vera sérfræðingur Fjölskylduþjónustunnar í Navision hefur verið vikið úr starfi. Hlutverk þessara starfsmanna hefur verið mikilvægt til að efla það faglega starf sem hér hefur farið fram. Auk þess hefur einum starfsmanni í heimaþjónustu verið sagt upp, þrátt fyrir umtalsverða aukningu innan þess málaflokks, starfsmanni í skjalavörslu og starfsmanni í rekstrardeild, en störf þessara starfsmanna hafa verið mjög mikilvæg fyrir starfsemina.

Það er mat okkar, starfsmanna Fjölskylduþjónustunnar, að boðaðar skipulagsbreytingar séu engan veginn nógu vel ígrundaðar og lítið sem ekkert samráð var haft við starfsmenn við vinnslu þeirra. Ekki verður betur séð en að höfundar skýrslunnar, sem liggur til grundvallar þessum breytingum, hafi takmarkaða þekkingu á málefnum félagsþjónustu sveitarfélaga og setji fram tillögur af algjöru virðingarleysi við þá bæjarbúa sem standa hvað höllustum fæti í lífsbaráttunni, þ.e. skjólstaðinga Fjölskylduþjónustunnar.

Þá teljum við að trúnaður og traust milli starfsmanna og stjórnenda bæjarins hafi beðið alvarlegan hnekki. Skipulagsbreytingarnar eru kynntar á aðal sumarleyfistíma starfsfólks og dæmi um að starfsfólk í sumarfríi hafi fengið tilkynningu um væntanlega uppsögn og/eða tilfærslu í starfi símléiðis eða verið kallað sérstaklega inn úr fríi til að taka við tilkynningunni. Einnig hafa fjölmiðlar fengið fegraða mynd af aðgerðunum frá bæjaryfirvöldum og látið að því liggja að engum verði sagt upp störfum.

Hafnarfirði, 8. júlí 2015

Arnbjörg Jónsdóttir
Atli Þórsson
Ása Hrund Ottósdóttir
Ásrún Jónsdóttir
Ástríður Helga Erlendsdóttir
Birna Þórhallsdóttir
Danival Toffolo
Ellen Svava Guðlaugsdóttir
Guðríður Guðmundsdóttir
Guðrún Ingólfssdóttir
Hallgerður Kristinsdóttir
Haukur Haraldsson
Helena Unnarsdóttir
Hildigunnur Bjarnadóttir
Hrönn Hilmarsdóttir
Ingunn Lovísa Ragnarsdóttir
Kolbrún Oddbergssdóttir
Kolbrún Ögmundsdóttir
Kristný Steingrímssdóttir
Kristrún Helga Ólafssdóttir
Ólína Birgissdóttir
Ólöf Lára Ágústssdóttir
Sjöfn Guðmundssdóttir
Soffía Ólafssdóttir
Steinunn Gísladóttir
Thelma Þorbergssdóttir
Tinna Dahl Christansen
Þóra Ingimundardóttir
Ægir Örn Sigurgeirsson